1. **Gildissvið**

   1.1. Reglugerð þessi gildir um keppendur, þjálfara, starfsmenn móta, félög og aðra aðila sem starfa innan vébanda Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ).

   1.2. Hún tekur til brota á:

   - lögum og reglugerðum HNÍ,
   - regluverki World Boxing,
   - fyrirmælum dómara, umsjónarmanna, mótslækna eða annarra fulltrúa HNÍ.

2. **Aganefnd**

   2.1. Aganefnd HNÍ er sjálfstætt starfandi nefnd sem fer með meðferð agamála innan HNÍ.

   2.2. Aganefnd er skipuð af stjórn HNÍ og starfar samkvæmt lögum og reglum sambandsins.

3. **Gildissvið**

   3.1. Agabrot teljast m.a.:

   - óíþróttamannsleg hegðun,
   - brot á reglum HNÍ eða regluverki World Boxing,
   - vanvirðing við fyrirmæli dómara, umsjónarmanna eða mótslækna,
   - háttsemi sem getur stefnt öryggi þátttakenda í hættu,
   - háttsemi sem skaðar ímynd eða starfsemi HNÍ.

4. **Viðurlög**

   4.1. Aganefnd HNÍ er heimilt að beita eftirfarandi viðurlögum, einum eða fleiri í senn, eftir eðli og alvarleika brots:

   - munnlegri eða skriflegri áminningu,
   - skriflegri aðvörun,
   - tímabundnu keppnisbanni eða starfssviptingu,
   - brottvísun af móti eða tímabundnu banni frá þátttöku í mótum,
   - sektum eða öðrum viðurlögum samkvæmt gjaldskrá HNÍ,
   - ævilangri brottvísun í sérstaklega alvarlegum tilvikum.

5. **Lengd viðurlaga**

   5.1. Tímabundið keppnisbann eða starfssvipting getur almennt verið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði, eftir eðli og alvarleika brots.

   - Í sérstaklega alvarlegum eða ítrekuðum brotum er aganefnd heimilt að ákveða lengra bann, þar með talið ævilangt bann.

- Við ákvörðun viðurlaga skal m.a. tekið tillit til:
- alvarleika brots,
- hvort brot sé ítrekað,
- fyrri brota viðkomandi,
- áhrifa brots á öryggi, ímynd og starfsemi HNÍ.

6. Málsmeðferð

6.1. Áður en ákvörðun um viðurlög er tekin skal viðkomandi aðila, eftir því sem við á, gefinn kostur á að tjá sig um málið.

6.2. Aganefnd getur aflað gagna, skýrslna og annarra upplýsinga sem hún telur nauðsynlegar til úrlausnar máls.

7. Áfrýjun

7.1. Ákvörðunum aganefndar HNÍ er heimilt að áfrýja til dómstóla ÍSÍ, í samræmi við gildandi reglur ÍSÍ.

8. Tengsl við World Boxing

8.1. Keppnistengd brot og viðurlög sem falla undir regluverk World Boxing skulu metin í samræmi við reglur World Boxing hverju sinni.

8.2. Komi upp misræmi milli reglna HNÍ og regluverks World Boxing, trompar regluverk World Boxing.